

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, nr. 1042/2013, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðsins „Íbúðalánasjóðs“ í 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarmynd: Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar:

Í stað „4.749.000 kr.“ kemur: 5.532.000 kr.

Í stað „1.187.000 kr.“ kemur: 1.383.000 kr.

Í stað „6.649.000 kr.“ kemur: 7.746.000 kr.

3. gr.

Í stað „5.126.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar kemur: 5.971.000 kr.

4. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verður: **Reglugerð um lánveitingar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði.**

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og skal gilda frá og með 1. janúar 2020 um tekju- og eignamörk íbúa leiguíbúða sem lánað hefur verið til skv. 1. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál.

*Félagsmálaráðuneytinu, 23. janúar 2020.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnhildur Gunnarsdóttir.*